



Óháð fréttablað á Vestfjörðum BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 400 m/vsk



5 694110023513

Fimmtudagur
23. febrúar 2012
8. tbl. · 29. árg.



Vantar þig íbúð
til leigu?

Hafðu samband!
sími: 456 6600



N1 VERSLUN ÍSAFIRÐI
SÍMI: 456 3995
OPIÐ: MÁN.-FÖS. 7-17



„Aðstaðan var auðvitað lítil á þessum fyrstu árum, til dæmis vorum við með talstöð sem var tengd við bílgeymi,“ segir Birgir Valdimarsson. Á miðopnu blaðsins talar hann um upphafsár flugsins á Ísafirði, árin í útgerðinni og óvænt skrall með Vasily Smyslov.

Flug og fiskur



VIÐ ERUM DAGLEGA Á FERÐINNI
MEÐ VÖRUR UM ALLT LAND

| www.flytjandi.is | sími 525 7890 |



Krefjast bóta fyrir spjöll á skógrækt

Skógræktarfélag Ísafjarðar hefur gert kröfu um bætur á trjágróðri vegna fyrirhugaðra framkvæmda við ofanflóðavarnir ofan Urðarveggar á Ísafirði. Í bréfi félagsins til Ísafjarðarbæjar kemur fram að tilfinnanlegt tjón muni verða á gróðri vegna framkvæmdanna og krefst félagið þess að fá bætur fyrir spjöll á skógræktinni, bæði fyrir einstak-

ar plöntur sem verða felldar sem og að metin verði rýrnun á verðgildi þess sem eftir stendur, miðað við takmarkaðri möguleikum á nýtingu.

„Skógræktarfélag Ísafjarðar hefur stundað ræktun ofan Urðarveggar frá 5. áratug 20. aldar. Hafist var handa í gömlum náthaga við Stóruð. Innar er plöntunin frá því um 1980 og eru aðstæður

þar mun verri enda hafa plöntur verið lengi að komast á stað en eru nú á síðustu árum að ná fullum skriði,“ segir í bréfi Skógræktarfélagsins en það telur lundinn merkilegan, bæði gróðurfarslega og menningarsögulega.

„Við áætlaðar framkvæmdir við garða gegn ofanflóðum mun verða tilfinnanlegt tjón á lundinum, bæði mun fjöldi trjáa verða

tekin og það sem eftir verður af lundinum mun ekki geta nýst á sama hátt og áður. Hann mun víða mjókka mjög þannig að ekki getur orðið sama skógartilfinning inni í lundinum,“ segir í bréfinu. Skógræktarfélagið býðst til að útvega hæfa matsmenn til að meta skemmdir á trjágróðri frá félaginu en í bréfinu segir að finna megi nokkur fordæmi um

mat sem þetta.

Þá krefst Skógræktarfélagið að við hönnun ofanflóðagarðanna verði gengið frá því að stígar verði tengdir og að aðkoma að lundinum verði skapleg. Telur félagið að við vatnssíuhúsið þurfi að vera viðunandi inngangur og að stígurinn verði að tengjast inn hlíðina vel fyrir ofan fyrirhugaðar ofanflóðagarða. –asta@bb.is

Börnum fækkar á leikskólum

Ekki er gert ráð fyrir að fleiri en fjörutíu börn komi inn í leikskóla Ísafjarðarbæjar í sumar í stað þeirra sem fara út í vor. Ástæðan er fækkun barna í sveitarfélaginu. Þetta kemur fram í greinargerð með fjárhagsáætlun Ísafjarðarbæjar sem má finna á vef sveitarfélagsins. Gert er ráð fyrir að starfsmönnum fækki um einn á leikskólanum Eyrarskjóli á Ísafirði í sumar og að fækkun barna á yngstu deildinni verði tvö til fjögur börn. Gert er ráð fyrir að sparnaður í launum verði um 1,5 milljónir króna í ár en tæpar fjórar milljónir á ársgrundvelli. Samkvæmt greinargerðinni er búið að ná hluta af sparnaðinum nú þegar.

Á leikskólanum Sólborg á Ísafirði er gert ráð fyrir að stöðugildum kennara og stuðningsfulltrúa fækki um 3,25 og jafnvel meira ef mikil fækkun verður á börnum. Vonast er eftir að komist verði hjá uppsögnum þar sem nú þegar hefur verið fækkað um tvær stöð-



Leikskólinn Sólborg á Ísafirði.

ur með því að ráða ekki í þær sem hafa losnað. Á minni leikskólum sveitarfélagsins er hlutfallslega meiri hreyfing á starfsfólki og börnum, en fram kemur í greinargerðinni að leikskóla-

stjórar hafi verið duglegir við að gera breytingar þannig að ekki hafi verið um neina ofmönun að ræða.

Á leikskólanum Tjarnarbæ á Suðureyri fækkar stöðugildum

um eitt þar sem fyrirséð er að börnum fækki seinni hluta ársins. Áætlað er að við það sparist um 1,65 milljónir króna. Á Laufási á Þingeyri eru uppi hugmyndir um að gera breytingar á ræstingu og

ætti við það að sparast um 500 þúsund krónur. Engar breytingar eru fyrirséðar á Grænagarði á Flateyri nema þá helst að börnum fjölgi, en þar var bætt við hálfu stöðugildi í nóvember.

Fjölgun ferðamanna í takt við samgöngubætur í fjórðungnum

Áætlað er að gistinætur erlendra ferðamanna á Vestfjörðum sumarið 2011 hafi verið 19% fleiri en sumarið 2010 og 47% fleiri en sumarið 2008. Þetta kemur fram í nýrri könnun sem Rannsóknir og ráðgjöf ferðapjónustunnar vann fyrir Markaðsstofu Vestfjarða. Samkvæmt könnuninni komu 13,9% erlendra ferðamanna á Íslandi sumarið 2011 á Vestfirði. Af þeim gistu 12,6% að jafnaði í 3,2 nætur. Miðað við 290 þúsund ferðamenn til landsins sumarið 2011 má því áætla að 40 þúsund þeirra hafi komið á Vestfirði og 36 þúsund hafi gist í alls 117 þúsund nætur.

Gústaf Gústafsson, forstöðumaður Markaðsstofu Vestfjarða,

segir þetta afar jákvæðar fréttir og í samræmi við fyrirliggjandi spár um þróun ferðamanna á svæðinu. Fleiri en einn þáttur spili þó inn í þessa þróun. „Ég myndi halda að sú athygli sem Vestfirðir hafa fengið í erlendum ferðamiðlum sé að skila sér að einhverju leyti með þessum hætti. Rannsóknir sýna einnig að umtal hefur mikið að segja varðandi slíka þróun og í því sambandi má að sjálfsgöngu benda á að við mælumst með hæstu einkunn landshlutanna í gæðum þjónustu við ferðamenn. Eins hafa Vestfirðingar reynt að vekja athygli á umhverfismálum og sjálfbærni eins og stefna Ferðamálasamtaka Vestfjarða á árun-

um 2010-2015 ber vitni um. Þetta eru þó getgátur og vissulega yrði áhugavert að skoða hvað veldur nákvæmlega að sneiðin okkar af kökunni er að stækka.“

Gústaf segir samgöngur spila stórt hlutverk í þessari þróun. „Velta má fyrir sér hvaða áhrif Djúpvegurinn og aukin aðgengi að norðanverðum Vestfjörðum hafi þar sem það virðist vera það svæði sem er að fá hlutfallslega mestu aukninguna. Nefna má að fjöldi ferðamanna hefur rúmlega tvöfaldast til Ísafjarðar frá sumrinu 2008. Við vitum að samgöngur eru lykilatriði í ferðapjónustu og þegar litið er til þeirrar aukningar sem orðið hefur á svæðinu í samhengi við sam-

göngubætur ætti þessi niðurstaða ekki að koma á óvart.“

Um mikla innspýtingu í hagarferfi svæðisins er að ræða. Í könnuninni kemur fram að sé miðað 20-25 þúsund króna meðaleyðslu ferðamanns á hverja gistinótt má lauslega áætla heildarútgjöld næturgesta á Vestfjörðum 2,3-2,9 milljarða sumarið 2011 og 0,3-0,4 milljarða hina níu mánuði ársins. Þar við bætast útgjöld um fjögur þúsund dagsferðamanna og gesta með skemmtiferðaskipum. Þannig má áætla að útgjöld erlendra ferðamanna á Vestfjörðum árið 2011 hafi verið nálægt 400 þúsund krónum á hvern íbúa landshlutans.

Mið-Evrópúbúa (Þjóðverjar,

Svisslendingar og Austurríkismenn) voru með 29% af erlendum gistinóttum á Vestfjörðum sumarið 2011, samkvæmt könnunni. Síðan komu gestir frá Suður-Evrópu (21%), löndum utan helstu markaðssvæða (20%), Norðurlöndunum (11%) og Norður-Ameríku (8%). Fæstar gistinætur voru meðal ferðamanna frá Bretlandi og Benelux löndunum (5-6%).

Af þeim stöðum á Vestfjörðum sem skoðaðir eru í könnuninni má áætla að um 26 þúsund erlendir ferðamenn hafi komið á Ísafjörð sumarið 2011 (9,2% gesta til Íslands), um 20 þúsund á Hólmavík (6,9%) og 15 þúsund að Látrabjargi (5,2%).

Nýtt Skyr.is

Markmið:

AÐ SKÍÐA NIÐUR
STÓLINN Í SVARFAÐARDAL

Í HNÉDJÚPUM PÚÐURSNJÓ, HRATT!

BJÖRGVIN BJÖRGVINSSON



Ert þú með SKYR markmið?

Skyr.is og skyr.is drykkurinn eru nú í nýjum og glæsilegum umbúðum sem skreyttar eru myndum af íslenskum fjöllum.

Vörðurnar á umbúðunum eru táknið um að heilbrigður lífstíll er ferðalag en ekki áfangastaður.

Í tilefni af nýju Skyr.is efnum við til átaks um markmiðasetningu. Á www.skyr.is getur þú tekið þátt í skemmtilegum leik með því að setja þér SKYR markmið og deila því með öðrum.

Þú gætir unnið flug og gistingu fyrir tvo innanlands eða gjafabréf.

Skýr.is

PRÓTEINRÍKT OG FITULAUST






Sléttuhreppingar blótuðu þorra

Um 130 manns sóttu þorra-blót Áttahagafélags Sléttuhrepps sem haldið var í félagsheimilinu í Hnífsdal á laugardag. Að sögn Bergmanns Ólafssonar gekk blótið mjög vel fyrir sig. Skemmtinefndin setti upp leikþátt í leikstjórn Soffíu Vagnsdóttur, en þemað var Hornstrandaferðir. „Það var látið mjög vel

af leikþættinum, alla vegna miðað við hvað salurinn hló. Þá var haldið uppboð þar sem eftirstöðvar af pitsu sem ég fékk senda á þorrablót fyrir nokkrum árum var boðið upp. Ég var í skemmtinefnd þá og höfðu sumir áhyggjur af því að ég fengi lítið að borða og því var ákveðið að panta handa mér pitsu. Uppboðið endaði í

fimm milljónum, en það kom ekki fram hvort upphæðin væru í íslenskri krónu eða erlendri gjaldmynt,“ segir Bergmann. Hljómsveitin Benni Sig og Express spilaði fyrir dansi að loknu borðhaldi og dönsuðu gestir langt fram eftir nóttu. Meðfylgjandi myndir tók ljósmyndari blaðsins á blótinu.



Samkaup

úrval

góðir grannar



Sparnaðartilboð helgarinnar 23. - 26. febrúar

samkaupurval.is

Ódýrt

798

638 kr/kg

Úrvalls svínahakk

úr kjötborði eða pakkað ferskt

Góð kaup!

898

880 kr/kg

Úrvalls svínasiða með pöru

úr kjötborði eða pökkuð fersk

Ódýrt

798

559 kr/kg

Úrvalls svínabógur

úr kjötborði eða pakkaður ferskur

40% afsláttur

329

199 kr/pk

Amerísk grænmetisblanda

650g, fryst fersk, frá Coop

Góð kaup!

349

279 kr/stk

Lífræn hrísmjólk/sojamjólk

1 lítri, frá Anglamark

50% afsláttur

398

Ferskur ananas 199 kr/kg



Anglamark / Englamerkið vottaðar, umhverfisvænar og ofnæmisprófaðar vörur



Anglamark barnahreinslætisvörur á tilboði!

Vakta húsin næst varnargarðinum

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar hefur samþykkt að vöktun muni eiga sér stað á húsum næst fyrirhuguðum snjóflóðavarnargörðum neðan Gleiðarhjalla. Í því felst að áður en framkvæmdaleyfi verður veitt skal hæðarmæla botnplötur allra húsa sem standa næst varnargörðunum og hallamálmæla útveggi húsa. Við lokaúttekt verksins skal framkvæma samskonar mælingar. Í allt að sex ár eftir lokaúttekt mun Ísafjarðarbær framkvæma mælingar annað hvert ár. Jafnframt skulu framkvæmdar til samanburðar, mælingar á nokkrum hús-



KFÍ deildarmeistarar

Meistaraflokkur KFÍ er deildarmeistari í 1. deild, en eftir úrslit helgarinnar þykir ljóst að ekkert lið getur náð KFÍ í stigum, að því er frá greinir á vef KFÍ. Liðið mun því eiga sæti í Iceland Express deildinni að ári. Liðið hefur aðeins tapað einum leik í vetur og er komið með 30 stig þegar tveir leikir eru eftir.

Fyrri leikurinn verður gegn Breiðabliki í Smáranum 26. febrúar en síðari leikurinn verður á heimavelli gegn Skallagrími 9. mars.

Spurningin

Hver á að bæta bændum í Engidal tjón vegna megnunar?

Alls svöruðu 666.

Bæring sögðu 334 eða 50%
Ríkið sögðu 303 eða 46%
Enginn sögðu 29 eða 4%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Helgarveðrið

Horfur á föstudag:

Vestanátt. en hæg breytileg átt um landið norðanvert. Éi á víð og dreif. Frost 0-5 stig, en frostlaust vuð suður- og vesturströndina. **Horfur á laugardag:** Útlit fyrir suðlæga átt með úrkomu sunnan- og vestantil. Hlýnandi veður. **Horfur á sunnudag:** Útlit fyrir suðlæga átt með úrkomu sunnan- og vestantil.

Vakta skal hús sem standa næst varnargörðunum þar til sex árum eftir að verki lýkur.

um, sem einnig standa í brekkunni, en verða ekki fyrir áhrifum vegna framkvæmdanna.

Verður því kafla um vöktun bætt inn í umhverfisskýrslu deiliskipulagsins. Það tekur til 18,5 ha svæðis ofan við Seljalandsveg og Urðarveg. Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir byggingu ofanflóðavarna ofan við byggðina í efri bænum. Varnirnar felast í

tveimur snjóflóðavarnargörðum og tveimur aurvarnargörðum með flóðarásunum ofan við þá. Til að bæta fyrir neikvæð áhrif framkvæmdanna er gert ráð fyrir bættari aðstöðu til útivistar. Gert er ráð fyrir göngustíg eftir og meðfram varnarmannvirkjunum, með tengingum við stíga og götur bæjarins. Jafnframt er gert ráð fyrir reiðstíg ofan við varnar-

gardana, sem síðar mun tengjast reiðstíganeti bæjarins.

Sérstök áhersla er lögð á vandan frágang, bæði hvað varðar landmótun, yfirborð og uppgræðslu og að öllu raski verði haldið í lágmarki. Deiliskipulagið er í samræmi við aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2008-2020. Þar kemur jafnframt fram að skoðaðar hafa verið ýmsar leiðir til

að verja byggðina neðan Gleiðarhjalla. Aðeins tvær útfærslur á vörnum er taldar raunhæfar samkvæmt frumathugun sem unnin var af Verkís. Valkostirnir hafi verið annars vegar ofanflóðavarnir fyrir alla íbúðarbyggðina og hins vegar blönduð leið ofanflóðavarna og uppkaupa á íbúðarhúsum.

– thelma@bb.is

Ritstjórnargrein

Eyjan brennur

Þegar þeir bræður, Björn og Salvar Baldurssynir, fjórði ættliður ábúenda hinnar sögufrægu eyju Vigur í Ísafjarðardjúpi, töldu sig í einu og öllu hafa farið eftir því sem þeir höfðu numið af forfeðrum sínum og með sama hætti og fyrr staðið að sinubrennslu, alþekktu fyrirbrigði til sveita, og allt hafði gengið samkvæmt áætlun, að því þeir best töldu, eldurinn slöktur, kom annað á daginn: reykjarstrókar tóku að liðast upp úr yfirborði eyjarinnar, nýir eldar augljóslega kviknaðir, víðs vegar. Þegar sagan endurtók sig varð þeim alvarleikinn ljós: eyjan var að brenna.

Líkt og var hjá þeim Vigurbæðrum er enn aðkoma í ljós með síendurteknum hætti að eldurinn sem kviknaði í íslensku samfélagi við hrúnið síðla árs 2008 hefur síður en svo verið slökktur. Varla líður sú vika að ekki dúkki upp ný mál sem hafa kraumað undir í samfélaginu, líkt og eldurinn í Vigur gerði, er hann gróf um sig í mó og torfi, sem þekur eyjuna, mikið til.

Vigurbræður skynjuðu vandann og tóku á honum. Með aðstoð slökkviliða frá nærliggjandi sveitarfélögum tókt þeim að ráða niðurlögum bólvaldsins, sem vissulega hefði getað lagt þá einstöku náttúruperlu sem Vigur er, í auðn. Þar skilur á milli þeirra bræðra og íslensku þjóðarinnar (svo samlíkingunni sé haldið til haga) sem því miður hefur ekki borið gæfu til að taka höndum saman, vitandi vits

að án sáttar og samhygðar munum við ekki ná tökum á viðfangsefinu.

Vart líður sá dagur að nýjum ágreiningsmálum skjóti ekki upp. Klögumálin ganga á víxl. Tortryggni er orðin þjóðareinkenni. Bræðrunum í Vigur var ljós vandinn sem þeir stóðu frammi fyrir. Landið sem þeim hafði verið trúað fyrir var í hættu. Ábyrgð þeirra var mikil. Það vantar mikið á að „við“ fylgjum fordæmi þeirra.

Íslensku þjóðinni dugir ekki að hringja í slökkvilið Bolungarvíkur, Ísafjarðarbæjar og Súðavíkur, eða aðrar álíka hjálparstofnanir, til að kljást þá elda sem ekki hafa verið slökktir þrátt fyrir þann tíma, sem þegar er liðinn síðan þeir kviknuðu. Það er ekki seinna vænna en nú þegar að slíðra sverðin, taka til við slökkvistarfið. Innantómar upphrópanir og persónulegt skíftkast skilar engu, gerir einungis illt verra og er öllum vansi.

Það kemst enginn hjá því að bera hluta þeirra byrða sem hrúnið olli án þess undan sviði, svo einhverju nemi. Fram hjá því verður þó ekki horft að þegar kemur að uppröðun slökkviliðsins verða þeir ekki settir í fremstu víglínu sem vanmáttugastir eru. Sátt um þá uppröðun verður ekki sniðgengin, ef árangur á að nást.

Eldarnir í Vigur voru slökktir. Eftir er að slökkva eldana sem loga í eyjunni sem enn brennur: Íslandi.

s.h.

Útgefandi: Gúttó ehf., kt. 680501-2620, Sólgötu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564. Ritstjóri: Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, bb@bb.is. Blaðamenn: Thelma Hjaltadóttir, símar 456 4693 og 849 8699, thelma@bb.is. Ásta María Sverrisdóttir, sími 824 0644, asta@bb.is. Ritstjóri netútgáfu bb.is: Sigurjón J. Sigurðsson. Ljósmyndari: Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, halldor@bb.is. Ábyrgðarmenn: Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson. Lausasöluverð er kr. 400 eintakið með vsk. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti. Önnur útgáfa: Ferðablaðið Á ferð um Vestfirði. ISSN 1670 - 021X



Kjarni frá Þjóðólshaga

Gæðingurinn á áburðarmarkaðinum

Hjá þeim sem vilja ná hámarksárangri í búskap er áburðurinn eitt þeirra atriða sem skipta máli. Góð dreifing og nýting næringarefna getur skipt sköpum varðandi fóðrun og heilsufar gripa. Allur Yara áburður er einkorna gæðaáburður þar sem öll næringarefnin eru í hverju korni.

Dæmi um mikilvægt efni fyrir búfénað er snefilefnið selen og Yara býður m.a. selenbættan áburð fyrir tún og beitulönd.

Leitið upplýsinga hjá sölufulltrúa Yara í heimahéraði eða hjá aðalskrifstofu í síma 575-6000 og á vefnum yara.is.



Notaðu minni áburð með Yara



Að norðan og „á götuna

Birgir Valdimarsson er fæddur í Miðvík en segist hafa komið „á götuna“ þegar hann var þrettán ára. Eitthvað virðist hann þó átt erfitt með að halda sig við götuna því næstu áratugi einbeitti hann sér að flugi, skíðum og sjávarútvegi. Blaðamaður BB settist niður með Birgi og spjallaði við hann um útgerð, íþróttir og Tottenham.

Bíó á Sæbóli

„Ég er fæddur í Miðvík í Aðalvík og bjó þar og á Sæbóli 13 fyrstu árin. Við vorum þrjú systkinin, ég er í miðjunni. Foreldrar mínir bjuggu með kindur, kú og hest. Þetta voru lítil bú þarna fyrir norðan, enda gastu ekki komið frá þér mjólk eða neitt svoliðis. Það var eitthvað sett á sláturhús á haustin en mest var þetta bara til heimabruks,“ segir Birgir.

„Ég kláraði barnaskóla á Sæbóli. Farkennararnir komu á tveggja mánaða fresti og settu okkur fyrir. Ætli það hafi ekki verið svona 20 nemendur í skólunum. Á þessum árum var Bretinn kominn og nokkuð margir braggjar risu. Vaktmennirnir voru uppi á fjallinu en flestir voru hermennirnir niðri í víkinni. Í einum braggjanum var sýningarvél og því bauðst okkur stundum að fara í bíó á kvöldin. Þeir gáfu okkur líka brjóstsykur. Þeim hefur örugglega leiðst aðeins þótt það hafi nú varla getað talist slæmt að bíða þarna, frekar en að liggja í skotgröf.“

Katalínubátar

Árið 1947 þegar Birgir var þrettán ára flutti fjölskyldan á Ísafjörð. „Það kom bara los á þetta og flestir fóru. Það þarf að vera ákveðinn fjöldi á svona stað til að samfélag geti þrífist. Okkur þótti ekkert erfitt að fara og pabbi hafði verið byrjaður áður að skella sér á vertíðir hérna á Ísafirði. Við fengum leigða íbúð í Silfurgötu og auðvitað voru það viðbrigði að vera kominn með rafmagn. Pabbi fór á togara sem kyndari,“ segir Birgir.

„Ég kláraði grunnskólann og fór svo suður til Keflavíkur. Síðan er það einhverntíma þegar ég kom heim í jólafrí að mín biðu skilaboð um að mæta niður á flugfélag daginn eftir. Í ljós kom að sá sem hélt utan um flugfélagið, Jón Karl Sigurðsson, var á leið á heimsmeistaramót í skíðum. Þeir vildu ekki missa mig úr skíðunum og formaður Harðar sá til þess að ég fengi vinnu hjá

þeim, til að koma í veg fyrir að ég færi suður aftur.

Jón Karl slasaðist á heimsmeistaramótinu, kom heim á börum og varð að liggja eitthvað. En það var svo mikið að gera í fluginu að ég varð að vera áfram. Á þessum tíma var Kaninn að byggja á Straumnesfjalli og miklir efnisflutningar voru með flugvélum. Starfsemin óx því mikið og oft voru farnar tvær ferðir norður á dag með fólk og vörur. Þetta voru Katalínubátar og lentu á sjónum. En ég varð eiginlega innlyksa í fluginu því það var svo mikið að gera.“

Átta ár

Birgir starfaði næstu átta ár við flugið.

„Við vorum með bæði radíósamband og veðurathuganir fyrir Flugfélag Íslands en seinna skiptum við Jón Karl þessu upp. Ég fór til Flugmálastjórnar en hann sá um flugfélagið. Aðstaðan var auðvitað lítil á þessum fyrstu árum, til dæmis vorum við með talstöð sem var tengd við bílgeymi. Og það stóð lítil sumar-bústaður þarna sem var ætlaður fyrir farþega. Seinna reis flugstöð og ég sem eini starfsmaðurinn hélt utan um þá framkvæmd. En þegar flugstöðin var loks tilbúin sagði ég við sjálfan mig að ef ég færi inn í hana kæmi ég aldrei aftur út. Ég sótti því um ársfrí og ákvað að láta kylfu ráða kasti.“

Fimm togarar

Birgir réði sig til Íshúsfélags Ísfirðinga.

„Ég var búinn að halda bókhald fyrir Gunnvör í mörg ár meðfram flugvallarstarfinu. Því nokkuð eðlilegt framhald að ég réði mig sem skrifstofustjóra í frystihúsinu. En svo bara ætlaðist það þannig að einn af eigendunum var orðinn þreyttur og ég fenginn til að taka við útgerðinni. Þetta er á þeim tíma sem skuttogaraævintýrið var að byrja. Að Íshúsfélaginu stóðu Hrönn

og Gunnvör en þau áttu togarana Júlíus og Guðbjörgu. Það voru smíðaðir í Noregi fimm togarar í röð, Júlíus, Framnes, Guðbjartur, Bessi og Guðbjörgin. Þetta var mikið ævintýri og sjávarútvegur stóð í miklum blóma. Á sama tíma kom útgerðin á fót niðursuðuverksmiðju í Sandgerði. Hún hét Atli og sauð niður rækju, lifur og hrogn. Ég sá líka um þann rekstur. Þetta gekk vel um tíma en lagðist svo af,“ segir Birgir.

„Svo hætti ég hjá Gunnvör. Kannski var helsta ástæðan sú að mér fannst verið farið að ýta á mig að víkja fyrir syni eigandans. Hann hafði menntað sig sem útgerðartæknir og viðskiptafræðingur og var kominn heim.“

Hafþór

„Hér störfuðu margar rækjuverksmiðjur en þrjár þeirra stofnuðu félag um að taka á leigu skipið Hafþór. Þetta var hafrannsóknaskip og úthafs skip en seinna breytt í frystitogara og sett á úthafs rækju. Ég stýrði þessari útgerð í nokkur ár og hún gekk vel. Hafþór aflaði rækju fyrir allar þrjár verksmiðjurnar. Þetta var mikið aflskip. En hnignunin var byrjuð og þar kom að möguleikarnir í þessu minnkðu og við misstum skipið á endanum. Þá réði ég mig sem húsnæðisfulltrúa hjá bænum og var þar í 12 ár, eða það til ellin sagði til.“

- Hvernig var fyrir mann sem hafði unnið við flugið og skipaútgærd að setjast inn á bæjarskrifstofu?

„Það var náttúrulega miklu meira um að vera í hinu. Ég hafði líka fylgst með smíði á tveimur togurum og það var oft mikið af ferðalögum í kringum útgerðina. Ekki síður þegar við fórum í rækjusöluna. En það var ágætt að vinna hjá bænum.“

Skák- og bridssamband Vestfjarða


Öll árin í útgerðinni og flugrekstrinum hafði Birgir stundað

Að taka teighögg

Birgir Valdimarsson, húsnæðisfulltrúi á Ísafirði er ástríðugolfari eins og fleiri í vaskri sveit Golfklúbbs Ísafjarðar. Oft gengur golfið vel en vissulega getur orðið misbrestur á því.

Einhverju sinni var Birgir á fjórðu braut, sem er fyrir neðan Orrustuhól í Tungudal. Brautin er nokkuð löng og þarf gott högg til að lenda á flötinni í öðru höggi. Það lánaðist ekki sem best hjá Birgi og fór kúlan yfir á flötina og endaði á skurðbakka. Margir hefðu orðið argir þegar svona tókst til en ekki Biggi Vald. Hann leit hróðugur á meðspilara sína og sagði:

Einhver bölváður klaufinn hefði nú misst hana út í skurðinn!
- Úr Hundrad og ein ný vestfirsk þjóðsaga (bindi 6)



skíðin af kappi.

„Já, en svo fékk ég í fæturna og varð að hætta því. Það er ekki skemmtilegt fyrir keppnismann að þurfa að fara í plóg niður brekkur og geta ekki skíðað almennilega. Þannig að ég bara hætti á skíðunum. Ég gat haldið áfram í badminton, allt þar til ég var hætta að sjá kúluna. En svo tefldi ég líka mikið og spilað brids, jafnvel fimm kvöld í viku.“

Birgir var forseti Skák- og bridssamband Vestfjarða um árabil.

„Ég lærði að tefla áður en ég man eftir mér. En fyrstu skákirnar tók ég í Miðvík við bróður pabba. Seinna fór ég að stúdera skák og dembdí mér í hana. Ég tók þátt í sveitarkeppnum í brids og tefldi fjöltefli í þorpunum hér í kring. Ég spilaði líka brids á Íslandsmóti mörgum sinnum og gekk bara alveg ágætlega. En svo kom að

því að ég skrúfaði fyrir þetta. Ég hafði ekki lengur tíma til að stunda þetta af sama kappi en maður getur ekki haldið sér í neinni þjálfun í skák og brids nema með mjög reglulegri ástundum. Í dag tefli ég stundum í tölvunni og vinir mínir fyrir sunnan eru alltaf að biðja mig að koma að tefla en ég hef nú ekki látið verða að því.“

Vasily Smyslov

Birgir fékk eitt sinn óvænta heimsókn frá einum af sterkari skákmönnum sögunnar, Vasily Smyslov.

„Já, hann tók þátt í móti í Reykjavík og það þótti eðlilegt að hann kæmi hingað og tefldi fjöltefli. Af því að ég var forseti skáksambandsins hér tók ég á móti honum. Við enduðum heima og tefldum. Honum þótti vodka

“



mjög gott og var þar að auki ákaflega góður söngmaður. Hann hafði velt því fyrir sér að gerast óperusöngvari áður en hann valdi skákina. Þess vegna fór ég með hann heim til músíkalsks vinafólks míns og þar söng hann lög Eyþórs heitins tónskálds allt kvöldið, á milli þess sem hann skaut á sig vodkasnõfsum.“

Birgir brosir með sjálfum sér og það rifjast upp fyrir honum saga frá árunum sem hann vann í fluginu:

„Einhverntíma kom til mín Ameríkani og bað mig að geyma fyrir sig mjög fallegt skákbörð úr eik. Með því var kassi sem í voru útskornir menn, svokallaðir skrauttaflmenn. Þegar maðurinn snéri til baka viðurkennið ég fyrir honum að ég hefði kíkt í kassann og grandskoðað settið. Hann sagðist hafa keypt það í fríhöfninni og ætlaði gefa það. Þá spurði

ég hvort hann væri ekki tilbúinn til að selja mér það því hann gæti svo keypt annað sett þegar hann færir í fríhöfnina. Maðurinn sagðist til í það. Ég átti dollara og spurði hvað settið ætti að kosta. Hann svarar að það kosti 50 dollara. Ég man að mér fannst

það svo lítið að ég segi við hann í háfkæringi hvort ég ekki bara að borga 25 dollara. „Jú, allt í lagi,“ segir maðurinn. Ég rétti honum 25 dollarana en þá spyr hann: „Hvort ætlaðu að fá hvítu eða svörtu mennina?“ „Ha?“ sagði ég og varð hissa. „Þú vilt

bara borga fyrir helminginn,“ sagði hann þá. Ég gleymi þessu aldrei því mér fannst ég verða mér til skammar,“ segir Birgir hugsu. Síðan brosir hann og bætir við: „En ég endaði á að kaupa af honum á settið. Á fullu verði.“

Tottenham

Íþróttamaðurinn Birgir fylgist vel með handbolta og fótbolta.

„Já, ég er íþróttafíkill og hef alltaf verið. Ég fylgist mjög vel með skíðunum og svo fótbolta og handbolta. Annars er maður orðinn svo heimakær að maður horfir á þetta allt í sjónvarpinu. Ég fylgist vel með enska boltanum og styð Tottenham.“

- Af hverju styður Ísfirðingur Tottenham?

„Ég var einhverntíma á Englandi með áhöfninni á Hafþóri og við fórum á leik, Tottenham og Leeds. Okkur var ráðlagt að

vera Tottenham megin og þar keyptum við okkur allir húfur og trefla. Löngu síðar var dóttursonur minn að fara yfir stöðuna í enska boltanum en hann er mikill United maður. Ég varð auðvitað að setja upp húfuna og trefilinn og halda með Tottenham til að fá smá fútt í þetta. Seinna fór Tottenham að ganga illa og þá hafði dóttursonur minn gaman af að stríða mér, aðdáanda Tottenham. Svo fór ég á annan leik með tengdasyni mínum og aftur var það bara Tottenham sem hægt var að sjá spila. Þannig var eiginlega óhjákvæmilegt að ég byrjaði ég að halda með Tottenham en ég er mjög ánægður með mína menn í dag,“ segir Birgir.

„Annars segir Gunnar Felixson, vinur minn, að enginn hafi komið almennilega til Englands fyrr en hann hafi farið á knattspyrnuleik. Ég hef komið þangað

Verkun hausa

Þeir voru að spjalla saman í kaffitíma á bæjarskrifstofunum á Ísafirði, gárungarnir og vinirnir Birgir Valdimarsson þáverandi húsnæðisfulltrúi og Sigurður Mar Óskarsson þáverandi yfirmaður tæknideildar. Þetta var í sláurtíðinni. Eiginkonur beggja voru á kafi í slátri og áttu karlarnir að sjá um að sviða hausana.

Biggi sagði Sigga Mar að í gamla daga hefði verið saltað vel í strjúpann, hausarnir geymdir og látið slá dálítið í þá áður en þeir voru sviðnir. Biggi var allur í fortíðinni og fræddi Sigga um það hvernig Valdi Þorbergs faðir hans hefði sviðið sína hausu. Þá gall í Sigga Mar:

Ég hélt nú að þið bræðurnir hefðuð bara verið klipptir eins og önnur börn.

- *Úr Hundrad og ein ný vestfirsk þjóðsaga (bindi 8)*



nokkuð oft og tvisvar almennilega.“

Vetrargolf

Birgir er golfari og spilar helst alla mánuði ársins.

„Þó ekki þessa tvo síðustu. En í fyrra spiluðum við eitthvað í hverjum einasta mánuði. En maður er bara að fara til að leika sér. Völlurinn er náttúrulega freðinn. Maður er því að fara til að þykjast en það er ágætt að hreyfa sig aðeins. Nú hafa allir vellir verið á kafi í snjó. Annars er Þingeyrarvöllur yfirleitt nokkuð góður. Það er snjólétt þar. Nema í vestanátt, þá snjóar á Þingeyri. Sjöunda holan á Þingeyravelli er skemmtileg því maður þarf að slá yfir vatn til að komast inn á flöt. Annars finnst mér best að spila í Tungudal af völlum hér

í kring. Uppáhaldsvöllurinn minn er þó Keilir í Hafnarfirði, það gerir hraunið.“

- Hvað ertu með í forgjöf?

„Ég er með 20, hef hækkað svolítið. Annars er ég hættur að keppa. Ég byrjaði að spila golf árið 1968 og reyni enn að komast sem mest. Í dag spilum við saman, ég og konan og tókum yfirleitt níu holur. Við spilum líka við dóttur okkar og tengdason. Við höfum farið þrisvar sinnum saman til Spánar og spilað þar.“

- Hvor er betri, þú eða tengdasonurinn?

„Hann er aðeins betri. Ég er að verða áttæður og krafturinn er farinn úr manni. Það kemur því af sjálfu sér að hann er höggulengri.“

Áfram sjósókn

Birgir var í útgerð á blómatíma hennar hér á Vestfjörðum. Hvernig er það að líta yfir samfélagið núna?

„Þetta eru algjörlega breyttir tímar. Umtalið er skrítið. Til dæmis þegar Guggan var seld til Akureyrar. Af hverju keyptu Ísfirðingar ekki skipið? Ísfirðingar geta alveg eins fengið lán eins og Akureyringar. Þessi hugsunarháttur að kvótinn hafi verið tekinn af okkur er bara vitleysa. Kvótinn hverfur með skipunum þegar þau eru seld í burtu. Engu að síður verður sjósókn hér áfram. En það þarf minna og minna fólk til að vinna aflann. Það munu því ekki allir standa með hníf og flaka, heldur margir hverjir stýra tæknibúnaði.“

- Þeir segja að þú eigir ófáar sögur í Vestfirskum þjóðsögum. „Já, ég er svolítið kjöftugur og stundum dettur eitthvað gott upp úr manni. Einhverntíma þegar við Björn, vinur minn vorum spurðir hvor okkar væri eldri sagðist ég vera yngri. En Björn vildi nú ekki viðurkenna það því hann er árinu yngri. En þá benti á að áður fyrr hefði alltaf verið miðað við hvenær bílar komu „á götuna“. Ég kom ekki að norðan og á götuna fyrr en ég var þrettán ára og minn aldur miðast því við það,“ segir Birgir brosandí að lokum.

- *Huldar Breiðfjörð.*

Meiri díoxíninn firði og aflagði

Hæstu gildi díoxíns í jarðvegi sem mældust í rannsókn vegna mengunar í jarðvegi út frá sorpbrennslunni Funa, voru í nágrenni áramótabrennstæðis í Skutulsfirði og í nágrenni við aflagða sorpbrennslustöð á Skarfaskeri í Hnífsdal en ekki í næsta nágrenni Funa. Þetta kom fram í svari umhverfisráðherra við fyrirspurn Einars Kristins Guðfinnssonar þingmanns Norðvesturkjördæmis vegna mögulegrar mengunar í jarðvegi í kjölfar díoxínsmengunar.

„Ekki er hægt að fullyrða um áhrif þessara uppsprettna á einstök mæligildi, en ætla má að hækkuð gildi sem mældust í jarðvegi í nágrenni Funa megi að stórum hluta rekja til starf-

semi hennar, en hækkuð gildi í brennstæði í Skutulsfirði megi hins vegar að langstærstum hluta rekja til mengunar frá áramótabrennum og hækkað gildi í nágrenni við gamla brennslu á Skarfaskeri megi væntanlega rekja til þeirrar brennslu. Af jarðvegssýnum frá nágrenni sorpbrennslunnar Funa má draga þá ályktun að díoxínmengun frá Funa hafi í óverulegu magni borist langar leiðir,“ sagði Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra.

Kom meðal annars fram í máli hennar að sýni sem tekin voru í nágrenni við stóriðju voru öll við eðlileg viðmiðunarmörk. Hærrí gildi fannst t.d. við brennstæði í Skutulsfirði eða 13,5 pg/g. „Í Skutulsfirði er um að ræða tvær uppsprettur díoxína og hefur

Upplýst um eignarhald á fjölmiðlum

Fjölmiðlanefnd hefur upplýst um eignarhald allra fjölmiðla á landinu. Þetta er í fyrsta sinn sem allar upplýsingar um miðlana eru birtar. Það er gert samkvæmt nýjum upplýsingalögum. Fjölmiðlanefnd telur mikilvægt að benda á að hvorki í lögunum sjálfum né í lögskýringargögnum er nánar kveðið á um hvaða upplýsingar um eignarhald skulu veittar, að því er fram kemur á vef nefndarinnar.

Yfirlit yfir eignarhald fjölmiðla sem nú hefur verið birt er byggt á þeim upplýsingum sem fjölmiðlar hafa veitt nefndinni. Í mörgum tilvikum voru veittar ítarlegri upplýsingar en þær sem felast í hlutaskrá en í öðrum tilvikum voru aðeins veittar þær lágmarksupplýsingar sem nefndinni er unnt að knýja á um.

Í yfirlitinu er vitaskuld að finna yfirlit yfir eignarhald vestfirskra fjölmiðla:

Bæjarins besta, bb.is:

Gúttó ehf.
Nafn ábyrgðarmanns: Sigurjón J. Sigurðsson
Eigendur Gúttó ehf.: Sigurjón J. Sigurðsson, 50% og Halldór Sveinbjörnsson, 50%

litihjalli.is:

Jón Guðbjörn Guðbjörnsson
LitluÁvík, Strandasýslu
Ábyrgðarmaður: Jón Guðbjörn

Guðbjörnsson. Eigandi: Jón Guðbjörn Guðbjörnsson

vikari.is:

Vesturtindar ehf.
Hlíðarvegi 15, 415 Bolungarvík
Nafn ábyrgðarmanns: Baldur Smári Einarsson
Eigendur: Grundarhóll sf., 40% Eignarhaldsfélagið Ófæra ehf., 40% og Benedikt Sigurðsson, 20%

strandir.is:

Sögusmiðjan, 510 Hólmavík
Nafn ábyrgðarmanns: Jón Jónsson
Eigandi: Jón Jónsson

skutull.is:

Rauðir Pennar ehf.
Miðtúni 16, 400 Ísafirði
Nafn ábyrgðarmanns: Ólína Þorvarðardóttir
Eigendur:
Arna Lára Jónsdóttir, 16,67%
Ágúst Atlason, 16,67%
Anna Sigr. Ólafsdóttir, 16,67%
Ólína Þorvarðardóttir, 16,67%
Lísbet Harðardóttir, 5%
Björn Davíðsson, 5%
Jóna Benediktsdóttir, 3,33%
Henry Bæringsson, 1,67%
Bryndís Friðgeirsdóttir, 3,33%
Már Óskarsson, 1,67%
Benedikt Bjarnason, 3,33%
Jóna S. Bjarnadóttir, 3,33%
Jóhann Bjarnason, 3,33%
Lárus Valdimarsson, 1,67%
Pétur Sigurðsson, 1,67%

- *thelma@bb.is*

Stóru kylfurnar

Hér var áðan getið um golfiðkun Birgis Valdimarssonar, húsnaðisfulltrúa hjá Ísafjarðarbæ. Birgir fór einu sinni sem oftast suður til golfleikja og spilaði þar með Pétri Bjarnasyni, fyrrum fræðslustjóra á Vestfjörðum og varapingmanni. Þeir lentu í hryssingsveðri eins og oft er syðra að haustlagi.

Báðir voru þeir félagar með nýjar og voldugar trékylfur með stórum og fyrirferðarmiklum haus, sem átti að tryggja betri árangur. Teighöggin voru þó æði misjöfn hjá þeim félögum og sagði Pétur að það væri greinilega ekki nóg að hafa þessi stórvöxnu verkfæri.

Biggi Vald var snöggur upp á lagið að venju:

Það er þó að minnsta kosti skjól af þeim!

- *Úr Hundrad og ein ný vestfirsk þjóðsaga (bindi 6)*

Mengun vegna brennu í Skutuls- Drar sorpbrennslu á Skarfaskeri

losun nú verið stöðvuð frá sorpbrennslunni. Við aflagðar sorpbrennslur mældist hækkað gildi díoxína í jarðvegi í nágrenni við aflagða sorpbrennslu á Skarfaskeri í Hnífsdal, eða 12,1 pg/g.“

Hæsti styrkur díoxína í nágrenni sorpbrennslunnar Funa mældist í umræddu sjávarseti í Skutulsfirði, eða 33 pg/g. Ráðherra segir þá niðurstöðu ekki koma á óvart þar sem skolvatn úr vothreinsibúnaði sem var notaður til mengunarvarna auk þurrhrensibúnaðar í stöðinni var leitt til sjávar. „Ekki eru til nein mörk fyrir díoxín í seti, en að mati Umhverfisstofnunar var ekki talin ástæða til að grípa til sérstakra aðgerða þar sem starfsemi sorpbrennslunnar Funa hafði verið hætt eins og áður kom fram.“

Á Íslandi hefur brennsla sorps verið helsta uppspretta díoxína í gegnum tíðina. Þar eru áramótabrennur fyrir tíma taldar með þar sem lítið eftirlit var með því hvaða eldmat var bætt á kestina. „Með þetta í huga má leiða rök að því að uppsprettur í og við Skutulsfirð hafi verið þrjár, þ.e. Funi, áramótabrennur og Skarfasker,“ sagði ráðherra.

Einar Kristinn sagði ástæðuna fyrir fyrirspurnum hans til þriggja ráðherra að um væri að ræða mál sem varðaði mjög mikið, bæði hag íbúa Ísafjarðarbæjar og auðvitað líka orðstír bæjarfélagsins. „Mér fannst í þeirri umræðu sem þá fór fram að vegið væri mjög harkalega að orðstír sveitarfélagsins Ísafjarðarbæjar og ástæða væri þess vegna til að reyna að

varpa betra ljósi á þetta mál allt. Nú skilur maður vel að þegar mál af þessu tagi koma upp vilja auðvitað allir vera mjög varkárir og fara fram af mikilli gætni og láta íbúana og aðra sem þarna eru njóta alls vafa í þessum efnunum, þannig að menn vilja vanda sig í allri þeirri vinnu.“

Hann bætti við að hann héldi að það væri ráð að menn settust niður og reyndu að læra af þessari reynslu og viðbrögðunum við því sem menn óttuðust að væri þessi mikla mengun frá Funa og „síðan hinu að við sjáum að mengunarvaldarnir virðast vera miklu frekar aðrir, þ.e. gömul, aflögð sorpbrennslustöð á Skarfaskeri og síðan áramótabrennurnar,“ sagði Einar Kristinn.

– *thelma@bb.is*



Sorpbrennslustöðin Funi áður en starfsemin var lögð af.



Lífeyrissjóður Vestfirðinga er til húsa í Neista á Ísafirði.

Stendur traustum fótum

Stjórn Lífeyrissjóðs Vestfirðinga harmar það tap sem sjóðurinn varð fyrir í kjölfar bankahrunsins á árunum 2008 til 2010. Það er hins vegar mat stjórnarinnar að sjóðurinn standi traustum fórum þrátt fyrir tap síðustu ára. Þetta kemur fram í yfirlýsingu stjórnarinnar til sjóðsfélaga. Hrein eign sjóðsins til greiðslu lífeyris var 26,2 milljarðar króna í árslok 2010 og hafði þá rýrnað um 1,2 milljarða frá lokum ársins

2007, eða um 4,4%. Í skýrslu úttektarnefndar lífeyrissjóða kom m.a. fram að tap sjóðsins á framangreindu tímabili hafi numið 10,4 milljörðum króna. „Hér er um háa fjárhæðir að ræða og tapið er tilfínanlegt. Stjórn sjóðsins fylgdi varfarinni fjárfestingarstefnu og lagði áherslu á dreift eignasafn. Tap lífeyrissjóða á Íslandi er ekki einangrað fyrirbrigði því sambærilegir sjóðir víða um heim urðu fyrir á móta

skakkaföllu,“ segir í yfirlýsingunni. Jafnframt harmar stjórnin þá skerðingu lífeyris sem sjóðfélagar hafa orðið fyrir frá hrúni. Fram kemur í yfirlýsingunni að réttindi sjóðfélaga séu svipuð og þau voru árið 2004, en réttindin voru aukin á árunum 2005 til 2007 og skert á ný á árunum 2009 til 2010. Lífeyrir er verðtryggtur og hefur því hækkað um 68% í krónum talið frá árinu 2004 sem er nánast sama hækkun og orðið

hefur á launavísitölu. Vinnureglur og verkferlar við rekstur og fjárfestingar sjóðsins hafa verið endurskoðaðir í kjölfar hrunsins og áhættustýring eflað í samræmi við ábendingar Fjármálaeftirlitsins. Þá hafa skýrari reglur verið settar um öryggi við rekstur sjóðsins. „Markmiðið er að draga lærdóm af áfallinu sem reið yfir fjármálakerfi landsins og veitti lífeyrissjóðunum þungt högg,“ segir í yfirlýsingunni.

Auglýsa lóðir í Tungudal til umsóknar

Ísafjarðarbær hefur auglýst til umsóknar fimm sumarhúsalóðir í Tungudal. Lóðirnar sem um ræðir eru lóð nr. 6 við Greniskóg, nr. 38 og 40 við Birkibraut, nr. 49 við Asparskóg og nr. 68 við Víðiskóg. Snjóflóð féll á sumarhúsabyggðina í Tungudal árið 1994 sem eyðilagði öll hús nema tvö.

Tekið er við umsókn frá og með 24. febrúar en umsóknarfrestur er til og með 9. mars.

Verði lifandi menningarhús

Stefnt er að því að ljúka stefnumörkun til framtíðar fyrir Safnahúsið á Ísafirði í ár, að því er fram kemur í greinargerð með fjárhagsáætlun Ísafjarðarbæjar.

Markmiðið er að auka starfsemina í húsinu og gera það að lifandi menningarhúsi, jafnt sumar sem vetur, sem vonandi skilar sér í aukinni aðsókn og tekjum. Gert er ráð fyrir tveimur stórum sýningum á Ljósmyndasafni Ísafjarðar í samstarfi við aðra aðila, auk þess sem gera á áttak á árinu í skönnun og birtingu ljósmynda sem ekki eru þekktar.

Skoða sameiningu skóla á Flateyri

Hugsanleg sameining Grunn-skóla Önundarfjarðar og leikskólans Grænagarðs á Flateyri var rædd á fundi með íbúum á Flateyri í síðustu viku en sameining

skólanna er til skoðunar hjá bæjaryfirvöldum.

„Við erum að skoða ansi margt. Fundurinn var haldinn til að heyra sjónarmið íbúanna.



ÍSAFJARÐARBÆR

LÓÐIR Í TUNGUSKÓGI

Ísafjarðarbær auglýsir til úthlutunar lóðir samkvæmt nýju deiliskipulagi í Tunguskógi. Lóðirnar sem um ræðir eru:

Lóð nr. 6 við Greniskóg.

Lóð nr. 38 við Birkibraut.

Lóð nr. 40 við Birkibraut.

Lóð nr. 49 við Asparskóg.

Lóð nr. 68 við Víðiskóg.

Lóðirnar eru nú þegar byggingarhæfar.

Nánari upplýsingar, uppdrætti og skilmála, má nálgast á vef Ísafjarðarbæjar.



Eyrin á Flateyri. Ljós: © Mats Wibe Lund.

Skólastjóri Grunnskóla Önundarfjarðar hættir störfum í vor og þar sem skólarnir eru þeir fámennstu í sveitarfélaginu þá gæti verið hagkvæmt að sameina þá í kjölfarið,“ segir Margrét Halldórsdóttir, sviðsstjóri skóla- og

tómstundasviðs Ísafjarðarbæjar. Margrét segir að ekki sé verið að skoða sameiningu fleiri skóla í sveitarfélaginu.

Margrét segir að ágætis skoðanaskipti hafi verið á fundinum og íbúar tekið ágætlega í samein-

ingarhugmyndirnar. Hins vegar hafi ekki verið vilji meðal íbúa að sameina skólanna undir einu þaki og telur Margrét að eftir fundinn verði ekki stefnt að því að skólarnir verði í sama húsnæði. — *asta@bb.is*

Sveitarfélög sjái um skipulag strandsvæða

Umhverfisnefnd Ísafjarðarbæjar hefur ítrekað þá skoðun sína að æskilegt sé að sveitarfélög sjái um skipulag strandsjávar út í 1 sjómílu frá grunnlínu. „Engin stefnumörkun stjórnvalda finnst hvað varðar sjókvíaldri í Ísafjarðardjúpi fremur en annars staðar. Gerð nýtingaráætlunar fyrir Ísafjarðardjúpi á vegum sveitarfélaga við Ísafjarðardjúpi er enn ekki hafin og því er ekki út-

lit fyrir að henni verði lokið á allra næstu árum. Slík nýtingaráætlun hefur þar að auki ekkert lögformlegt gildi þó hún sé vissulega stefnumarkandi,“ segir í fundargerð umhverfisnefndar, en nefndin telur að ef sveitarfélagið sæi um skipulag strandsjávar, mætti jafnvel gera ráð fyrir að nýtingaráætlun fyrir Ísafjarðardjúpi væri þegar lokið.

Fyrirhugað sjókvíaldri Hrað-

frystihússins-Gunnvarar hf. í Ísafjarðardjúpi var rætt á fundinum. „Meðan nýtingaráætlun sveitarfélaga eða ríkisins liggur ekki fyrir í Ísafjarðardjúpi er æskilegt að leyfi séu ekki veitt einu fyrirtæki til of langs tíma til nýtingar svo mikils hluta Ísafjarðardjúps og komið verði í veg fyrir að hefðarréttur geti myndast á fiskeldisleyfum,“ segir í fundargerðinni. Telur umhverfisnefnd að í

því samhengi megi til framtíðar benda á möguleika þessa að stýra eftirspurn í leyfi með leyfisgjöldum.

„Sú skoðun umhverfisnefndar og bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar að sveitarstjórnir skuli hafa ákvörðunarrétt í máli sem þessu hefur margsinnis komið fram, t.d. varðandi leyfisveitingu til fiskeldis í Arnarfirði, en Arnarfjörður er að stórum hluta innan bæjarmarka Ísa-

fjarðarbæjar. Enn sem komið er hefur Alþingi ekki gert breytingar sem tryggja raunhæfa aðkomu sveitarstjórna að slíkum málum,“ segir í fundargerðinni, en í henni kemur fram að rannsóknir á umhverfi fyrirhugaðs eldis HG og umhverfisáhrifum af því benda til að ekki séu ekki séu miklar líkur á að fyrirhugað eldi geti valdið umtalsverðum eða óafturkræfum umhverfisáhrifum.

Reykhólahreppur sameinaður

Stakkur skrifar >

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og mállefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður.

Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.

Brátt er liðinn aldarfjórðungur frá sameiningu fimm hreppa Austur Barðastrandarsýslu í einn. Ef til vill má segja að sú góða sýsla megi muna sinn fífil feegurri. Þróun mannlífs og byggðar á Íslandi virðist líta eigin lögmálum. Að minnsta kosti er það svo að tilraunir stjórnmalamanna í þá veruna að stöðva þróunina, hvað þá að snúa henni við hafa ekki borið árangur. Fólki á landsbyggðinni fækkar þrátt fyrir góðar hugmyndir. Segja má að það sé viðeigandi á þessum tímamótum að bæta samgöngur í Barðastrandarsýslum. Einkum á það við í austur sýslunni, nú Reykhólahreppi hinum nýja. Því miður hefur landbúnaður látið undan síga þar eins og víðar á Vestfjörðum. Reykhólahreppur hinn nýi er sveitarfélag sem skartar mikilli náttúrufergud og nær til meirihluta eyjanna á Breiðafirði, sem eru náttúruperlur til viðbótar þeim mörgu sem eru á fastalandinu.

Sveitarfélagið varð til um mitt ár 1987, en þá höfðu staðið viðræður um að undirlagi nokkurra ráðuneyta um framtíð hreppanna fimm, Flateyjarhrepps, Múlahrepps, Gufudalshrepps, Reykhólahrepps og Geiradalshrepps. Ferlið byrjaði með því að sveitarstjórnarkosningar féllu niður í Múlahreppi vorið 1986. Enginn tók að sér ábyrgð á þeim skyldum sveitarstjórnar að undirbúa kosningar. Sýslumaðurinn fann ekki hreppstjórn og oddvitann, en það gerði skattstjóri Vestfjarðaumdæmis hins vegar með eftirminnilegum hætti. Þegar kom

að álagningu opinberra gjalda vantaði hann útsvarsprósentu og hafði ekki fengið svör frá oddvitannum sem síðar kom í ljós að í raun bjó í Reykjavík. Þannig hafði tíminn bitið þessa góðu Múlahrepps. Fjölmíðlar komust í málið vegna þess að skattstjórninni auglýsti eftir oddvitannum í Ríkisútvarpi og allir vildu vita hvernig gengi. Á endanum gaf oddvitinn sig fram á síðustu stundu og lagt var á þá sem skráðir voru með lögheimili í Múlahreppi. Var þetta svo áhrifarík auglýsing að gengið var í það að finna lausn sem varð nýr og stærri Reykhólahreppur.

Hvort hin raunverulegu vandamál sem fylgja hnignandi byggð hafi leyst með sameiningunni skal ekki sagt hér. Hitt er hafið yfir allan vafa að hefði hún ekki átt sér stað er ljóst að byggð hefði enn frekar átt undir högg að sækja. Samstaða um lausn málefna íbúanna varð til og þótt fækkað hafi verulega í hreppnum er þó ljóst að staðið var í ístaðinu eins og mögulegt reyndist. Íbúum á Vestfjörðum fækkar stöðugt og þróunin gæti orðið sú hin sama og í Strandarsýslu að sveitarfélög á jaðri Vestfjarða kljúfi sig frá og sameinist í næstu sýslu. Bæjarhreppur er ekki lengur til. Hann rann inn í Húnaþing vestra og þar með fækkaði Vestfirðingum um eitt hundrað. Vonandi biða ekki sömu örlög Reykhólahrepps. Megi hann standa lengi.



Mikið fjör á þorrablóti í Holti

Óvenju fjölmennt var á hinu árlega þorrablóti í Holti í Öfundarfirði á laugardag en það eru íbúar í dreifbýli í firðinum sem sjá um framkvæmd blótsins. „Ég held að það hafi aldrei verið eins margir og í ár en það voru um 140 manns. Þetta var einstaklega vel heppnað og allir voru mjög ánægðir,“ segir Helga Dóra Kristjánsdóttir, sem átti sæti í undirbúningsnefnd blótsins í ár. Fólk kom víða að á blótið. „Fólk kom víða af svæðinu og skemmti sér hið besta og jafnvel kom fólk

úr Reykjavík, bæði brottfluttur og aðrir sem tengjast svæðinu. Sérstaklega var mikið af ungu fólki sem er sérstaklega ánægjulegt,“ segir Helga Dóra.

Blótið er ekki auglýst heldur fréttist frá manni til manns en í ár var kominn biðlisti. „Þetta er orðið svo vinsælt að við þurfum að skoða hvort ekki þurfi að setja einhverjar reglur hvernig eigi að takmarka hve margir koma eftir því sem húsnæðið leyfir.“ Áður fyrr söfnuðust sveitungar saman á sveitabæjum og blótuðu þorra

en eftir að skólahúsið í Holti var byggt og tekið í notkun í áföngum, hefur verið blótað þar. Fyrst var blótað í Holti árið 1954 og aðeins einu sinni síðan þá hefur þorrablótið verið fellt niður.

„Áður fyrr var blótið haldið að degi til og börnin höfð með. Það var ekki fyrr en eftir 1985, eitthvað slíkt, að þetta fór að vera haldið á kvöldin og þá eingöngu fyrir fullorðna,“ segir Helga Dóra. Páll Öundurson tók meðfylgjandi myndir á þorrablótinu.



Lífið í gegnum ljósmyndir

Guðrún Svava Guðmundsdóttir rannsakaði fjölskylduljósmyndir þriggja kynslóða við gerð mastersritgerðar sem hún skrifaði í mannfræðinámi sínu við félagsvísindadeild Háskóla Íslands. Hún lauk BA-gráðu í mannfræði frá Háskóla Íslands árið 2003 og MA-gráðu í mannfræði frá sama skóla árið 2011. Að auki hefur hún diplómu í alþjóðasamskiptum frá Háskóla Íslands.

Ritgerðin hennar um myndirnar vakti nokkra athygli og meðal annars kynnti hún hana í Vísindaporti Háskólaseturs Vestfjarða.

En hvernig kom það til að Guðrún Svava valdi fjölskyldumyndir sem viðfangsefni sitt í mannfræðinni?

„Ég hef haft mikinn áhuga á ljósmyndum síðan ég var smástelpa. Þegar ég var útskrifuð með BA-gráðu í mannfræði fór ég að finna leið til að sameina námið og áhugamálið. Sjónræn mannfræði er ekki kennd hér á landi og eftir að ég flutti á Ísafjörð ákvað ég að taka þetta alla leið og láta verða af þessu. Þegar maður sér að nær ómögulegt er að láta drauma sína rætast er ekkert annað að gera en að teygja sig eftir þeim. Þetta var því smá púsl að fá þetta í gegn í háskólanum en með því að pússa rannsóknina að náminu hér tókst þetta allt saman.

Mig langaði þegar ég var stelpa

að verða ljósmyndari og ferðast um heiminn, en lífið tekur stundum völdin og ég varð ófrísk að stelpunni minni. Ég sá fram á að ala hana upp einsömum svo ég lagði bóhemdrauminn á hilluna, í bili. Þar sem góðir ljósmyndarar þurfa að fórnna miklum tíma í vinnu sína, þá var ég ekki tilbúin til þess á þeim tímapunkti, svo það er núna á langtímaplaninu að verða ljósmyndari þegar ég er orðin gömul kona,“ segir Guðrún með bros á vör.

Guðrún skoðaði ógrynni af fjölskyldumyndum við rannsókn sína.

„Nálgunin er þannig, að viðfangsefnið er skoðað án þess að maður hafi fyrirfram ákveðnar spurningar. Ég settist niður með fólki og skoðaði fjölskyldualbúm á meðan það sagði mér frá myndunum. Þetta tók ég allt upp og ég tók myndir af myndunum mér til glöggvunar. Síðan myndaði ég myndir sem komu ítrekað fyrir, eins og til dæmis jólamyndir og fermingarmyndir.“

Hannyrðir kvenna í fjölskyldualbúnum

Guðrún segir ýmislegt hafa komið á óvart við rannsóknina.

„Sterkasti þátturinn sem kom á óvart var kynjaskipting í fjölskylduljósmyndum. Það er eitt-hvað sem maður hefur oft séð án þess að spá neitt frekar í það,



enda er maður vanalega ekki að skoða fjölskyldualbúm með því hugarfari. Það sýndi sig til dæmis í ljósmyndun á hannyrðum kvenna. Til dæmis við hvert afmæli barnanna eru teknar myndir af kökunum eða fermingarborðin mynduð. Áður fyrir mátti sjá jóla-fötin sem mæður saumuðu sjálfar á myndum af börnunum fyrir framan jólatré, það er nú ekki svo mikið um það samt í dag. Í umræðunni um myndirnar kom þetta enn betur fram, þar sem fjallað var um handverkin, þar með kökurnar og veisluborðin.“

– Hversu mikil vinna var þessi rannsókn?

„Rannsóknin sjálf og ritgerðin var mastersnám. Ég fór inn í mastersnámið með þetta í huga og því tók þetta tvö ár hjá mér þar sem ég var að gera tilraunir í náminu með hvað hentaði og hvað ekki varðandi þessa tilteknu rannsókn.“

Guðrún segir að hægt sé að sjá mikið út úr fjölskyldumyndum, bæði að fá innsýn í samfélagið og lífið sjálft.

„Maður getur litið á eina ljósmynd frá þúsund sjónarhornum og alltaf séð eitthvað nýtt.

Ég tók fyrir þrjá ætliði, þannig að elstu myndirnar náðu alveg til 1930-40. Yngsta kynslóðin átti mesta magnið á myndum enda var það eftir að digital-mynda-

vélar komu til sögunnar. Myndefnið í sjálfu sér breyttist þó ekki milli kynslóða. Hugmyndirnar í kringum myndirnar höfðu þó breyst lítillega og nú meira um að fólk hefði ekki náð andrúmsloftinu eða að myndefnið hefði verið flottara en myndin sýndi. En fólk myndar ennþá sömu hlutina.“

Ljósmyndir frá menningarlegu sjónarmiði

– Er hægt að lesa í söguna með því að rýna í hversdagslegar myndir?

„Já, sögulega eru ljósmyndir mjög góð heimild, bæði samtímaheimild og hvernig hlutirnir voru áður. Við þessa rannsókn horfði ég svolítið til þess hvernig umhverfið var og þær breytingar sem orðið hafa á því. Til að mynda breytingar á húsum og bænum í heild. Eins sér maður hvernig tískan breytist. Maður getur lesið mjög mikið út úr þessum myndum og í rauninni býður rannsóknin upp á endalaus möguleika eftir því hve mikið maður vill grúska í þessu.“

– Hvað er framundan hjá Guðrúnu Svövu?

„Það er margt spennandi í pípuunum. Ég hef verið að undirbúa

stóra rannsókn á söfnun fjölskylduljósmynda frá Hornströndum. Mig langar að safna þeim saman og taka viðtöl við eigendurnar til að varðveita upplýsingar um það samfélag sem þar var. Ég tel að slík upplýsingasöfnun sé afar mikilvæg nú, því þeim fer fækkandi sem hafa búið á Hornströndum. Ég hef verið að sækja um styrki til að koma verkefnið af stað en ekki fengið, er þó vongóð að þetta gangi að lokum. Ég hef einnig verið að taka ljósmyndunina sterkari tökum.

Síðan er ég að vinna að samvinnuverkefni við einn fremsta uppstoppa landsins. Þar er ætlunin að „vekja upp“ gömlu sveitarómantíkina út frá ljósmyndum og uppstoppun. Mig langar að fara í meira nám og fara þá meira út í skoðun ljósmynda frá menningarlegu og listrænu sjónarmiði en í þetta sinn. Ég hef áhuga á að fara aðeins út fyrir reglur mannfræðinnar við þessa skoðun mína, en þær eru mjög fastmótaðar. Ég myndi vilja líta á ljósmyndun sem sköpunarverk. En svo er bara að sjá hvað framtíðin ber í skauti sér.“

Rannsóknin er birt á vefsíðunni skemman.is í rafrænu formi og eins er hægt að nálgast hana í Þjóðarbókhöfðunni, Arngrímsgötu 3 í Reykjavík.

– thelma@bb.is



ÍSAFJARÐARBÆR

ÚTBOÐ

Ísafjarðarbær óskar eftir tilboðum í verkið „Þjónustuútboð, sláttur opinna svæða í Ísafjarðarbæ 2012-2014.“

Helstu magntölur:

Ísafjörður	1,4 ha
Suðureyri	1,5 ha
Flateyri	3,8 ha
Þingeyri	4,3 ha

Útboðsgögn eru til sölu á kr. 3.000.- hjá Ísafjarðarbæ, Hafnarstræti 1, 400 Ísafirði. Tilboðin verða opnuð á tæknideild Ísafjarðarbæjarfimmtudaginn 15. mars nk. kl. 11:00 að viðstöddum þeim bjóðendum, sem þess óska.

Tæknideild Ísafjarðarbæjar.

Styrking FM-sendinga hefst á næstu vikum og mánuðum

Ríkisútvarpið hefur gert áætlun um eflingu FM-sendinga á Vestfjarðaleið og verður byrjað á styrkingu í Ísafjarðardjúpi á næstu vikum og mánuðum. Þetta kemur fram í skriflegu svari Katrínar Jakobsdóttur, mennta- og menningamálaráðherra, við fyrirspurn Ólínu Þorvarðardóttur, þingmanns Samfylkingarinnar í Norðvesturkjördæmi, um dreifi-

kerfi Ríkisútvarpsins. Vonast Katrín til að unnt verði að ljúka framkvæmdum á Vestfjarðaleið á þessu ári. Að sögn Katrínar nær útsending Ríkisútvarpsins með svokallaðri RDS-merkjasendingum, en þær gera mögulega sjálfvirka skiptingu milli tíðna, til þjóðveggar 1 en útsending Ríkisútvarpsins með RDS-tækni næst hins vegar ekki ennþá

á Vestfjörðum.

Ólína spurði hvort að til væri áætlun um að fjölga sendum með RDS-merkjasendingum og svaraði Katrín því til að fyrirhugaðar úrbætur á Vestfjarðarleið munu fela í sér RDS-væðingu á sama tíma. „Langbylgjan hefur samþættingu við RDS að því leyti að samfelld viðtaka í bifreiðum er möguleg langar

vegalengdir, án þess að skipt sé um tíðni. Þær sendingar nást vel um alla Vestfirði,“ segir í svari Katrínar.

Einnig spurði Ólína hvort að Ríkisútvarpið hefði leitað eftir leyfi og aðstöðu til að reka útvarps- og sjónvarpsenda á ratsjárstöðvarnar væru á lista dreifikerfisins yfir mögulega hýsingarstaði fyrir úrbætur á kerfinu.

– asta@bb.is

Enn fækkar

Alls bjuggu 6.955 manns á Vestfjörðum um síðustu áramót og hafði þeim fækkað um 182 frá árinu á undan eða 2,5% að því er fram kemur í nýjum tölum Hagstofunnar. Um helming fækkunarinnar má rekja til sameiningar Bæjarhrepps og Húnaþings vestra en hið sameinaða sveitarfélag telst til Norðurlands vestra. Með sameiningunni fækkaði sveitarfélögum á Vestfjörðum um eitt og íbúum um 100. Ef íbúar í Bæjarhreppi eru ekki taldir með, nemur fækkunin 82 einstaklingum eða 1,2%. Konum á Vestfjörðum fækkaði talsvert meira á síðasta ári eða sem nemur 1,6% á móti 0,8% karla. Landsmön-

um fjölgaði hins vegar á tímabilinu um 1.123 og voru alls 319.575 talsins 1. janúar 2012. Mesta fólksfjölgunin varð á Suðurnesjum þar sem fjölgaði um 0,7%, eða 154 frá síðasta ári.

Íbúum fækkaði í Ísafjarðarbæ, Reykhólahreppi, Tálknafjarðarhreppi, Súðavík, og Kaldraneshreppi. Hins vegar fjölgaði íbúum í Bolungarvík, Vesturbyggð og Strandabyggð og í Árneshreppi stóð íbúafjöldi í stað. Flestir fluttu frá Ísafjarðarbæ á tímabilinu eða 69 einstaklingar, en Ísafjarðarbær er jafnframt stærsta sveitarfélagið á Vestfjörðum. Hlutfallslega varð mesta fækkunin á Suðureyri eða 9% en



Íbúum í Ísafjarðarbæ fækkaði um 69 á einu ári.

þaðan fluttu 26 einstaklingar. Þá varð 6% fækkun í Hnífsdal, 5% fækkun á Fateyri og 0,6% fækkun á Ísafirði. Hins vegar fjölgaði íbúum á Þingeyri um 1,1% eða

um þrjú einstaklinga.

Kjarnafjölskyldur voru 1.706 á Vestfjörðum hinn 1. janúar 2012 en 1.741 árið á undan og höfðu því fækkað um 35 á tímabil-

inu. Til kjarnafjölskyldna teljast hjón og fólk í óvígðri sambúð, börn hjá þeim 17 ára og yngri, einhleypir karlar og konur sem búa með börnum 17 ára og yngri.

Sælkeri vikunnar er Brynja Björg Guðmundsdóttir frá Ísafirði

Ofnakaður kjúklingur með sítrónu og bökuðum rósmarín kartöflum

Sælkeri vikunnar býður upp á á bakaðan kjúkling með sítrónu, bakaðar rósmarín kartöflur og tzatziki-sósu. „Alveg frábær, mjög bragðmikill og auðveldur kjúklingaréttur í sunnudagsmatinn,“ segir Brynja Björg.

Ofnakaður kjúklingur með sítrónu og bökuðum rósmarín kartöflum

1 stk heill kjúklingur
1 stór sítróna
Einn pakki beikon í strimlum
Einn hvítlaukur
Ferskt tímían
Salt + pipar
Hvítlaukssmjör (ca 125gr)
2 kg kartöflur
Handfylli af ferskum rósmarínblöðum (má líka

nota þurrkuð)

Tzatziki

1stk agúrka
3 bátar af hvítlauk (eftir smekk)
3dl grískt jógúrt
Salt + pipar


Skolið kjúklinginn og kryddið vel með salti og pipar bæði að innan og utan. Blandið hvítlaukssmjörinu saman við handfylli af tímíanblöðum og kryddið með smá salti og pipar. Lyftið varlega skinninu af kjúklingnum frá kjötinu og smyrjið hvítlaukssmjörs-blöndunni á milli kjötsins og skinnins.

Skolið kartöflurnar vel og skerið í báta óskrælaðar (ca 4 per kartöflu). Skrælið hvítlauksrifin af heilum hvítlaukshaus (geymið

ca 3 rif fyrir tzatziki) og sjóðið í 10 mín í saltvatni saman með sítrónunni og hvítlauksrifjunum. Hellið vatninu af, takið heita sítrónuna og skerið hana í tvennt og stingið henni inn í kjúklinginn, og þar á eftir hvítlauksrifjunum og handfylli af tímíanblöðum.

Leggið kjúklinginn í fat og í ofninn á ca 220°C í 35 mín (+/- eftir stærð). Takið svo kjúklinginn út úr ofninum, leggið hann á disk og hellið kartöflubátunum í fatið og veltið upp úr fitunni af kjúklingnum og bætið við handfylli af fersku eða þurru rósmarín.

Gerðið svo holu í miðjuna á fatinu og leggið kjúklinginn í miðjuna. Beikonið er svo breitt yfir allan kjúklinginn og fatinu svo skellt aftur í ofninn í ca 35 mín.



Rétturinn er tilbúinn þegar kartöflurnar eru orðnar gullnar og maður getur auðveldlega snúið beininu í kjúklingalærinu. Takið fatið úr ofninum, hellið kartöflunum í skál og myljið beikonið ofan á kartöflurnar. Ef það er eftir fita af kjúklingnum þá er hún mjög góð sem dressing. Mjög gott að taka hvítlaukinn úr kjúklingnum og smyrja yfir hann.

Tzatziki

Rífið agúrkuna niður með rifjárn, kreistið vatnið úr (ég geri

það bara með höndunum) og leggið á hreinan eldhúspappír. Stráðið salti yfir rifna agúrkuna og leggið eldhúspappír yfir og látið standa á meðan dressingin er undirbúin. Kreistid ca 3 stóra báta af hvítlauk út í jógúrtið og kryddið með salt og pipar (eftir smekk) og blandið svo agúrkunni í.

Ég skora á Eddu Rún Guðmundsdóttur frá Ísafirði að vera næsti sælkeri vikunnar.

WRIGLEY'S
Extra

**NÝTT
BRAGÐ**



GOTT BRAGÐ FYRIR **HEILBRIGÐAR TENNUR...**

 Tannlæknafélag Íslands mælir
með notkun xylitols sem
aðalsætuafnis í tyggigúmmii

Rannsóknir sýna að notkun sykurlauss **Extra** eykur munnvatnsframleiðslu, jafnar sýrustig, heldur tönnum hreinum og stöðvar sýklaárásir á þær. **Extra** minnkar upptöku hitaeininga og dregur það úr streitu í amstri hversdagsins.